

## Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Iðjupjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn 21. janúar 2021 í samstarfsnefnd Iðjupjálfafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna uppfærslu á heildarkjarasamningi 2020 til 2023. Samskipti fóru fram í tölvupósti.

### Á fundinum voru:

Fyrir hönd félagsins: Þóra Leósdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

#### 1. Grein 1.4.1 um tímavinnukaup

Tilvísun í gr. 1.4.1 lagfærð. Grein 1.4.1 um tímavinnukaup og hljóði svo:

- 1.4.1 Tímavinnukaup í dagvinnu í hverjum launaflokki er 0,615% af mánaðarkaupi miðað við það launaprep sem viðkomandi starfsmanni er raðað í. Við útreikning tímakaups skal jafnframt taka mið af persónuálagi viðkomandi starfsmanns, sbr. gr. 1.1.1 og 10. kafla eftir því sem við á.

*Þegar unnið er í tímavinnu skal ekki greitt vaktálag á þær stundir sem eru utan hefðbundins dagvinnutíma heldur greidd yfirvinna*

#### 2. Grein 1.5.1 um yfirvinnu

Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist og hljóði svo:

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum.

*Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist á samningstímanum. Ofangreint gildir til 31. desember 2020 varðandi dagvinnufólk og til 30. apríl 2021 hjá vaktavinnufólki. Sjá fylgiskjal 2 og 3.*

*Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á grein 1.5.1 þeirri dagsetningu.*

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum.

Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1: kl. 08.00 - 17.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: kl. 17.00 - 08.00 mánudaga – föstudaga.

Yfirvinna 2: kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.

Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram fullt starf skv. gr. 2.1.1.

*Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á gr.1.5.1 breyttri dagsetningu.*

### 3. Grein 2.1.1 um vinnuviku

Skýringakassi við grein 2.1.1 fell niður í undirrituðum samningi en á að vera áfram fyrir neðan greinina.

### 4. Grein 2.6.2

Aðilar eru sammála um að skýringakassi fyrir neðan grein 2.6.2 falli niður „Grein 2.6.2 gildir frá 1. apríl 2016“.

### 5. Grein 5.10.3

Tilvísun í grein 5.10.3 er leiðrétt. Var 5.9.2 en rétt tilvísun er 5.10.2.

### 6. Grein 9.2.1 um launað staðgengilsstarf

Aðilar eru sammála um að skýringakassi á eftir grein 9.2.1 falli niður.

### 7. Grein 9.2.2

Aðilar eru sammála um að skýringakassi á eftir grein 9.2.2 falli niður „Grein 9.2.2. gildir frá 1. júní 2018“.

### 8. Grein 10.2.2

Grein 10.2.2 er óbreytt en neðst í skýringakassa er eftirfarandi tekið út „(gildir frá og með 1. maí 2011)“.

### 9. Grein 10.2.3 um persónuálag vegna viðbótarmenntunar

Aðilar eru sammála um að fyrri hluti greinar 10.2.3 sem var í gildi til 31. maí 2018 fellur niður.

### 10. Grein 13.3.1 um orlofssjóð

Breyting á orðalagi „af öllum launum“ verður „af heildarlaunum“ en að öðu leyti er greinin óbreytt.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.